

Reykjavík 03. júní 2023

Efni: Umsögn IOGT á Íslandi um „Þróunaráætlun og tilraunaverkefni fyrir ræktun lyfjahamps og notkun kannabislyfja í lækningaskyni. 807. mál, þingsályktunartillaga, 153. löggjafarþing 2022–2023.“

IOGT á Íslandi leggst eindregið gegn umræddri þingsályktunartillögu og telur að samþykkt henna muni leiða til aukinnar kannabisneyslu í landinu. Það mun auka þann vanda sem neysla kannabis veldur. Það er aldeilis óvíst hvort borgi sig að rækta lyfjahamp eða iðnaðarhamp á Íslandi og við þurfum ekki að framleiða öll okkar lyf á Íslandi. Er í nokkurri annarri ósk um rannsókn á „lyfi“ krafist þess að lyfið sé framleitt á Íslandi?

Alþingi á að fara varlega í að gera þjóðina að einni stórrí lyfjarannsókn. Vert er að hafa í huga að afurðir kannabisjurtarinnar **lækna ekki** sjúkdóma og geta valdið alvarlegum sjúkdómum eins og geðrofsjúkdómum og fíkn.

Ísland er smáþjóð og fámennið gerir það að verkum að rannsóknir geta einungis beinst að smáum hópum. Því er best að bíða og sjá hvernig stærri þjóðum reidir af. Nú þegar eru að birtast fleiri og fleiri rannsóknarniðurstöður úti heimi sem sýna vaxandi skaða vegna aukinnar kannabisneyslu.

Við viljum benda nefndarmönnum á myndrænt yfirlit frá Information is Beautiful um uppfærðar niðurstöður vísindarannsóknna á áhrif kannabis og einnig CBD á ýmsa sjúkdóma. Ef músað er yfir sjúkdóm á grafinu poppar upp samantekt niðurstaða og síðan er hægt að fá frekari upplýsingar með því að smella á sjúkdóminn. <https://informationisbeautiful.net/visualizations/snake-oil-cannabis-the-scientific-evidence-for-medical-marijuana/> Þar sést að kannabisjurtin, þrátt fyrir óskir neytenda og áróður kannabisiðnaðarins hefur í flestum tilvikum lítil eða engin lækningaáhrif og í sumum mjög slæm áhrif.

Um kringum 1950 varð tóbaksiðnaðinum ljóst að tóbaksreykingar yllu lungnkrabbameini. Tóbaksiðnaðurinn leitaði til áfengisiðnaðarins, sem hafði áratugum saman unnið gegn höftum á áfengisneyslu, og fékk þar ráð um hvernig ætti að afvegaleiða umræðuna og sérstaklega vísindumræðuna. Tóbaksiðnaðurinn betrubætti ráðin og setti saman í handbók. Kannabisiðnaðurinn notar þessa handbók líka. Um síðustu aldamótin tók jarðefnaeldsneytisiðnaðurinn þessa handbók og notaði hana til að afvegaleiða umræðuna um hlýnun jarðar. Þessi handbók virkar greinilega mjög vel. Viðbrögðum við hlýnun jarðar frestað og frestað, 8 milljón manns deyja á hverju ári vegna tóbaksreykinga og 3 milljónir manna deyja vegna áfengisneyslu.

Til er frá árinu 1970, innanhúspóstur í bandarísku tóbaksfyrirtæki þar stendur að tóbaksreykingar séu á leiðinni út og fyrirtækið verði að snúa sér að lögleiða kannabis. Hefur tekið 50 ár og nú stefnir í Tobacco 2.0 með tilheyrandi skaða fyrir heiminn og samfélögin.

Við minnum hér á bæklinginn: 8 mýtur um kannabis. <https://iogt.is/2021/04/29/8-mytur-um-kannabis/> Mýtan nr. 5: Kannabis er lyf. „Hagsmunagæslan fyrir kannabis í læknisfræðilegum tilgangi hefur verið megin röksemdin fyrir að lögleiða vímuefnið alveg. Þetta varð ljóst snemma í bandarísku löggildingarhreyfingunni.“

„Við munum nota maríjúana í lækni-fræðilegum tilgangi sem *efvegaleiðingu til að skapa maríjúana gott orð*,“ sagði Keith Stroup, stofnandi National Organization for the Reform of Marijuana Laws NORML, þegar árið 1979.“

Við viljum benda á stefnuyfirlýsingu American Psychiatric Association, **Félag bandrískra geðlækna sem samþykkir ekki kannabis sem lyf.**

<https://www.psychiatry.org/File%20Library/About-APA/Organization-Documents-Policies/Position-Cannabis-as-Medicine.pdf>

Í þessum tilraunaverkefnum sem þingsályktunin leggur til, mætti bæta við og endurtaka niðurstöður úr ýmsum rannsóknum erlendis frá. T.d. gera má tilraun sem staðfestir að fæðingarþyngd barna er lægri hjá konum sem neyta kannabis á meðgöngu. Sbr. <https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/30908346/>

Önnur tilraun sem rannsakar DNA-breytingar í sáðfrumum karla sem neyta kannabis. Sbr. <https://corporate.dukehealth.org/news/exposure-cannabis-alters-genetic-profile-sperm>

Greinargerðin með þingsályktunartillögum vísar í tilraunaverkefni í Danmörku. Við vísum í greinargerð Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga sem bendir á ýmsa galla á þessari tilraun.

Einn af fjórum sjúklingahópum í þessari tilraun í Danmörku eru sjúklingar með langvinna verki. En í [frétt á RÚV, 18. mars 2021](#), er greint frá mjög viðamikilli rannsókn um kannabis og verki sem Alþjóðleg samtök um rannsóknir á verkjum (IASP) stóð að og leidd var af Arendt-Nielsen, prófessors við Álaborgarháskóla í Danmörku. IASP sendi frá yfirlýsingu ásamt 13 vísindagreinum í vísindaritinu [Pain](#). „Vegna skorts á sönnunargögnum frá hágæða rannsóknum, styður IASP ekki almenna notkun kannabisefna [1] til að meðhöndla sársauka.“

Tilraunaverkefni: Sannreyna aftur að kannabisneysla ungmenna er meiri í ríkjum sem leyfa kannabisneyslu í lækningaskyni. <https://medicalxpress.com/news/2023-02-youth-cannabis-vaping-highest-medical.html>

Eða endurtaka þessa rannsókn á Íslandi - Jákvað tengsl voru á milli [fjölða afgangslustaða „lyfjahamps“ og tíðni geðrofsheimsókna](#) á bráðmóttökur í öllum sýslum í Colorado. <https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/35429874/>

Ný rannsókn byggð á evrópskum gögnum sem staðfestir svipaða rannsókn frá USA. Í löndum þar sem kannabisneysla hefur aukist þá hefur fjölgað meðfæddum frávikum á útlimum vegna kannabisneyslu á meðgöngu – það er [vanskapaðir útlimir](#). Niðurstaða:

Kannabis er mun öflugri vansköpunarvaldur á fósturstigi en tóbak eða áfengi.

<https://academic.oup.com/eep/article/8/1/dvac016/6631056>

Önnur vísindagrein úr sömu rannsókn: 9 af 11 frávikaflokkum í fósturþroska sýna sterk tengsl við kannabisneyslu. Sérstaklega **VACTERL heilkennið** sem er frávik í þroska hryggjarliða, ristils- og endþarms, hjarta, barka- og vélindafistill, og frávik í nýrum og útlimum.

<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC99448/>

Athugið: Áróðurinn fyrir lækningamætti kannabis er stöðugur og endalaus, þannig að 70 % kannabisbúða í Colorado mæla með kannabis við morgunógleði hjá óléttum konum.

Úr samantektargrein: Það er langt síðan að tilraunir í rannsóknastofum og tilraunir á dýrum sýndu fram á skaðsemi kannabis á genum. En tveir nýjar faraldsfræðilegar rannsóknir, ein í Bandaríkjunum og hin í Evrópu, sýna að 46 af 62 meðfæddum frávikum (62 frávik rannsökuð) og 90 af 95 meðfædd frávikum eru

orsakatengd kannabisneyslu. Niðurstöður svipaðra rannsókna á krabbameini: 25 af 28 krabbameinum og 33 af 40 krabbameinum eru tengd kannabisneyslu Einnig er ljóst að kannabis hraðar öldrun á DNA. <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S2095809922005719#b0035>

Viðamikil rannsókn í Ottawa sýndi að ef kannabis er neytt á meðgöngu að þá eru 50 % hærrí líkur á barnið verði með einhverfu. <https://www.nature.com/articles/s41591-020-1002-5> Kannabisneysla feðra hefur líka á áhrif, bæði á fjóseml karla og einnig veldur hún breytingum á sáðfrumum, genum sem talin eru tengjast einhverfu. <https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC6961656/>

Skaðsemi kannabis eykst í veldisvexti með skammtastærð og því miður hefur styrkur kannabis aukist mjög á undanförunum áratugum.

Ekki hefur allt verið tínt hér til um skaðsemi kannabis en það er ljóst að kannabis er mjög skaðlegt og alls ekki sú saklausa lækningajurt sem kannabisiðnaðurinn hamrar á.

Athugum líka að ekkert af rannsóknum á kannabis þurfa þess að kannabis sé ræktað á Íslandi.

IOGT á Íslandi varar við notkun kannabislyfja í lækningaskyni, því það er skýrt að kannabis er mjög skaðlegt efni.

IOGT á Íslandi leggst gegn framleiðslu lyfjahamps á Íslandi enda er það aðferð kannabisiðnaðarins til að normalisera kannabisneyslu.

Því tejum við best að stíga varlega til jarðar og leyfa öðrum að vera tilraunastofa í áhrifum kannabisefna.

Ef við sem samfélag ákveðum að auka aðgang að og normalisera kannabisneyslu þá munum við sem samfélag framleiða fleiri fötluð börn.

Hvernig samræmist það Barnasáttmálanum?

Munum að skjótasta og skilvirkasta leiðin til að bæta heiminn er að lifa **vímuefnalausum lífsstíl.**

Fyrir hönd Bindindissamtakanna IOGT á Íslandi

Björn Sævar Einarsson Formaður

Aðalsteinn Gunnarsson Framkvæmdastjóri